



Lúxemborg, 27. júní 2014

FRÉTTATILKYNNING 05/2014

Dómur í máli E-26/13 *Íslenska ríkið gegn Atla Gunnarssyni*

ÓHAGFELLD SKATTAMEÐFERÐ FÓLKS SEM NÝTT HEFUR RÉTT SINN TIL BÚSETU Í ÖÐRU EES-RÍKI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Hæstarétti Íslands um túlkun 28. gr. EES-samningsins og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna (tilskipun 2004/38).

Atli Gunnarsson og eiginkona hans eru bæði íslenskir ríkisborgarar. Þau voru búsett í Danmörku frá 24. janúar 2004 til 3. september 2009. Atli Gunnarsson greiddi skatt af tekjum sínum á Íslandi en var meinað að nota persónuafslátt eiginkonu sinnar á meðan þau bjuggu í Danmörku. Samkvæmt íslenskum lögum sem þá giltu þurftu báðir makar að hafa heimilisfesti á Íslandi til að unnt væri að samnýta persónuafslátt.

Í máli sem Atli Gunnarsson hefur höfðað gegn íslenska ríkinu krefst hann endurgreiðslu þeirra skatta sem hann telur sig hafa ofgreitt vegna þess að honum var ekki heimilt að nýta persónuafslátt eiginkonu sinnar. Hæstiréttur Íslands bar tvær spurningar fyrir dóminn. Í fyrsta lagi, hvort það samrýmist ákvæðum 28. gr. EES-samningsins og/eða 7. gr. tilskipunar 2004/38 að EES-ríki gefi hjónum sem flutt hafa til annars EES-ríkis ekki kost á að samnýta persónuafslátt við álagningu tekjuskatts, en þeim væri slíkt heimilt byggja þau í heimaríkinu, og svo hagar til að annað hjónanna fær lífeyri frá heimaríkinu og hitt hefur engar tekjur. Í öðru lagi, hvort það að í EES-samningnum er ekki að finna ákvæði sem svarar til 1. mgr. 21. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SSE) um ríkisfang í Sambandinu hafi þýðingu í þessu samhengi.

Dómstóllinn taldi að óhagfelldari skattameðferð af þessu tagi í garð lífeyrisþega og eiginkonu hans, sem nýtt hafa sér réttinn til frjálsrar farar innan EES, samrýmdist ekki b-lið og d-lið 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2004/38. Taldi dómstóllinn að inntak þessara staflíða væri hið sama og 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/365/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum (tilskipun 90/365) og gildi innan EES fyrir gildistöku tilskipunar 2004/38.

Í fyrsta lagi taldi dómstóllinn að 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/365 væri ætlað að veita einstaklingi sem látið hefur af störfum og maka hans búseturétt í öðru EES-ríki en heimaríki. Að taka upp búsetu í öðru ríki fæli þó eðli málsins samkvæmt í sér flutning frá upprunaríkinu. Því yrði að skilja 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/365 með þeim hætti að hún bannaði heimaríkinu einnig að hindra flutning viðkomandi einstaklings til annars EES-ríkis.

Jafnframt taldi dómstóllinn það enga þýðingu hafa að réttindi einstaklinga sem eru óvirkir í atvinnulífinu samkvæmt tilskipun 2004/38 hefðu verið sett af löggjafa Evrópusambandsins á grundvelli 21. gr. SSE um sambandsborgararétt en það hugtak var tekið upp í stoð Evrópusambandsins með Maastricht-sáttmálanum sem tók gildi 1. nóvember 1993. Benti dómstóllinn á að með tilskipun 90/365 hefði verið kveðið á um réttindi þeirra sem væru óvirkir í atvinnulífinu á grundvelli 235. gr. Rómarsáttmálans og hefði það verið gert áður en sambandsborgarahugtakið kom til sögunnar. Það ákvæði veitti löggjafa Evrópusambandsins almenna heimild til að grípa til viðeigandi og nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að innri markaðurinn væri virkur, þegar ekki nyti við annarra sérstakra heimilda í sáttmálanum. Þegar tilskipun 90/365 var tekin upp í EES-samninginn árið 1994 þá hefði hún veitt einstaklingum sem voru óvirkir í atvinnulífinu tiltekin réttindi.

Dómstóllinn benti einnig á að sameiginlega EES-nefndin og samningsaðilar hefðu lagt áherslu á þegar tilskipun 2004/38 var innleidd í EES-samninginn að hugtakið um sambandsborgararétt ætti sér enga hliðstæðu í EES-samningnum og EES-samningurinn hefði ekki að geyma neinn lagalegan grundvöll fyrir stjórnmalalegum réttindum EES-borgara. Dómstóllinn taldi því innleiðingu tilskipunar 2004/38 ekki geta bætt réttindum við EES-samninginn sem byggðust á sambandsborgarahugtakinu. Ekki væri þó hægt að svipta einstaklinga áunnum réttindum sem þeir höfðu þegar öðlast samkvæmt EES-samningnum fyrir tilkomu sambandsborgarahugtaksins í Evrópurétti en þau réttindi hefðu nú verið tekin upp í tilskipun 2004/38.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.